

Fundur 13.11.2023 Guðrún Elsa Þorsteinsdóttir.

Góða kvöldið.

*Góða kvöldið.*

Verð ég að koma síðar, einhver truflun er á orkunni, en þykir mér vænt um það ef ég get sagt nokkur orð.

Þykir mér vænt um að þú ert staddur hér í kvöld og reyndi ég að koma fyrr en tókst það ekki sem skildi.

Hér líður mér vel og hafa þeir líkt þessu við að sigla á skipi, að stilli lögmálið leyfir ekki að öllum samböndum nógu vel en já hér líður mér vel og mikill er munurinn og mikilvægt að fá fornmennina í sambandið og höfum við notið góðs af öllum þessum fornmönnum sem hér hafa komið í gegn.

Og það eru margvísleg áhrif í þjóðfélaginu eins og gerist og gengur og vildi ég segja frá mínum högum að ég hef hér fengið fullan styrk og styrkist enn meira með hverjum deginum sem líður og frá ýmsu að segja í daglegu lífi og ekki víst að ég komi því öllu í gegn.

Fögnum við hverjum fundi sem tekst hjá ykkur og fylgist ég vel með þótt ég sé ný komin yfir og reynum að senda ykkur styrk og magna sem best, það eru hér margir úr ættinni sem ætluðu að koma með erindi en það bíður, það kemur að því síðar.

Afi þinn, Guðrún Elsa.

*Já komdu, Guðrún Elsa, sæl vina.*

Móðir þín.

*Já. Heil og sæl.*

Gaman að komast í sambandið.

*Já vertu velkomin.*

Já, gott að ég komst loksins í gegn.

*Já.*

Erum að reyna að efla ykkur öll og bróðir þinn sérstaklega, hvað er að fréttu af honum?

*Já fréttu af bróður mínum, ég hef nú ekki haft mikið samband við hann, því það er mikið ósætti á milli míns og hans.*

Já það er ekki nógu gott.

*Ég er bara á leið í málaferli.*

Það er ekki gott að heyra.

*Nei. Hann baraði mokaði öllu út án samráðs við mig, ég veit ekkert hvert hlutirnir fóru, og ég fékk ekki einu sinni, ja veist, notið einhvers af þessu sem var þarna inni, eins og diskum eða einhverju og hef ekki fengið einn einasta pott til dæmis.*

*Ég er bara að segja frá þessu sko, og ég er mjög ósáttur með þetta allt og hvernig þetta hefur farið og hvernig hefur verið ráðist á runnana og það er eiginleg búið að drepa þá, sumt af þeim og ýmislegt sem ég þoli ekki og svo framvegis.*

Já ég skynja að það væri eitthvað ósætti.

*Já það er það, þetta fer bara í málaferli, það stýttist í það.*

*Og það var ekki meiningin að fara þá leiðina, ég varaði við, ég vildi að það væri farið rétt í hlutina og hann bróðir minn, hann hundsaði mig algerlega.*

Já átti þetta sér ekki einhvern aðdraganda? Það er stundum.

*Aðdragandi það er ekki víst mitt vandamál, ég var náttúrulega í ákveðnum sko vandamálum í sambandi við bílinn og annað, hann var bara bilaður þarna á hlaðinu.*

Já en, ég sendi honum samt mína bestu kveðjur og var vör við það að hann var þarna nýlega.

*Já ég skal skila því.*

En ég, við skulum nú ekki fara út í þetta.

*Nei endilega.*

Hérna sko. En ég skil þetta vel, þetta er ekki eins og það á að vera.

*Já.*

Það er alveg rétt.

*Það segja allir sem horfa á það utanaðkomandi, þetta er alls ekki í lagi.*

Nei nei. Þetta þarf að komast í betri farveg en,

*Ja en hann þarf bara að fá, eins og faðir minn sagði alltaf, almennilegan rassskell, enn einu sinni.*

He he he, ja hann hlær nú hérna, hann heyrir í þér.

*Já já.*

*Annað hvort frá mér eða einhverjum öðrum.*

Hann er kannski sammála en viljum samt ekki, það er líka erfitt fyrir okkur að vita til þess að, en við ætlum nú samt að vona að þetta fari nú vel samt, þetta þarf allt að leysast að lokum, þótt þetta sé kannski eins og í nógu góðu horfi núna.

*Það er það ekki núna, já.*

Já, já já, ég, það er gott að þú segir frá þessu, hann þarf þá,

*Ég segi náttúrulega frá þessu, það er ekkert sniðugt að þurfa að vera þarna í bílaviðgerðum og þurfa að sofa í bílnum í frosti.*

Nei nei.

*Og komast ekki þarna inn, hvorki í rafmagn eða eitthvað.*

Nei nei þetta er

Eða á klósett, ha eins og ég segi.

Nei nei þetta þarf að leysast, þetta er ekki nógu gott eins og þetta er núna, ég tek alveg undir það.

*Já, ég vildi bara láta ykkur vita af þessu svo þið getið kannski hjálpað til í sambandi við, ja að reyna að laga hlutina einhvern veginn.*

Já.

*Fá hann til þess að breyta hugarfari sínu, hann er bara því miður gráðugur og fégráðugur, hann þoldi það illa þegar ég sagði við hann að hann hefði meðtekið peningavírusinn og hann væri ólæknandi.*

*Hann var ekki hrifinn af því.*

Já það er nú svona, þið hafið stundum deilt soldið, það gerist.

*Já já.*

Óhætt að segja það.

*En ég er bara þakklátur fyrir það að þegar upp er staðið, hvað ég og faðir minn náðum vel saman, vorum hættir að kýta.*

Já það er fyrir miklu og,

*Og það skiptir máli og ég er afskaplega ánægður núna að það skyldi sko takast.*

Hann, þú mátt vita það að hann er hérna við hliðina á mér og hann gleðst nú yfir þessum samræðum, að hann hvatti mig til þess að koma í sambandið og koma þessu á hreint og hann skilur alveg þína afstöðu og þú veist það.

*Já þakka þér fyrir það.*

En það er alltaf erfitt að leysa úr svona málum og við vonum að þetta fari bara vel.

*Já en hafðu engar áhyggjur af mér, því ég geri ekki nein axarsköft, búinn að ná svona nokkurn veginn tökum á vissum tilfinningum eins og að fá einhver reiðisköst eða eitthvað sko, ég er ekki, já ég hérna forðast það þó ég sé í ósætti við einhvern að bara að bera til hans illan hug sko.*

Það er mjög gott,

*Að hafa náð því.*

Já já það er fyrir mestu. Og þetta þarf að leysast, þetta er ekki eins og á verður kosið.

Já.

Og já, en já ég, það er gott af okkur að segja en það er leitt hvernig þetta fór þarna.

*Já það er bara dapurlegt sko.*

Já.

*Af því að sko það var svo lítið samráð haft við mig, það eiginlega, þá er bróðir minn náttúrulega að brjóta á mér og landslög í tengslum við það, skilgreint sem slíkt.*

Ja það má kannski segja en það er nú svona þegar skapfólk með ólíkt skap, það getur farið svona.

Já,

En, já við skulum nú vona að þetta komist í betra horf og ég já þið megið, þið verðið öll að komast svona fram hjá þessu og svona.

Við bíðum eftir því að þetta leysist og hann verður náttúrulega líka að taka það til sína að bæta þessi samskipti.

Já.

En við sendum honum bestu kveðjur engu að síður og ykkur öllum og,

*Ég skila því.*

Og afi þinn hann hefur mikið áhyggjur af þessu líka, þetta er hans ættarjörð og svona.

*Mér skilst það.*

Já já við reynum að horfa á björtu hliðarnar og það er margs góðs að minnast og það er nú fyrir miklu líka.

Já.

Og við höfum fylgst með hér fundinum og höfum reynt að senda konu þinni orku og ykkur öllum.

*Takk fyrir það.*

Og það er, hann vill einnig senda kveðju langafi þinn Jón.

*Já takk fyrir það.*

Hann hefur byggt upp mikið hér og dugnaðarmaður og við höfum fulla trú á því að þetta verði allt saman í lagi, en þetta þarf sinn tíma til að,

*Já, ég bið að heilsa honum langafa, honum Jóni.*

Hann þakkar fyrir það, þú sérð að ég kem í sambandið, því ég hef fulla trú á því að þetta muni ná saman.

*Já það gerir það.*

Já já.

*En en sko það gerir það já já. Ég er bjartsýnn sko.*

Já já.

*Ég er sjálfur eins og þú veist mamma, maður friðarins, ég vil ekki sko, svona, já ég, þú skilur mig sko, ég er ekki, ég er seinn til vandræða sko.*

Já nákvæmlega, nákvæmlega.

*En þegar mér er ofboðið,*

Já.

*Þá náttúrulega fer ég á stað.*

Já já það er margt sem gerist svona í kjölfar þessara mála og það er bara og það er ekki alltaf hægt að ráða við það.

*Já.*

En þetta er nú staðurinn sem margar minningar eru tengdar við og ekkert skrítið að fólk sé með heitar tilfinningar og miklar, þið tveir.

*Já sko, það er ekkert skrítið sko, maður sækir á æskustöðvarnar og gengur þarna upp á kinnina og er þar og upp á hálsinn og þá endurhleðst ég og nærast og kem í miklu betra formi aftur í bæinn.*

Já við hvetjum þig til þess og það er vissulega rétt og hér er margt sem ég vildi segja frá, umhverfinu og,

*Stóð það ekki heima, það sem ég sagði við þig áður en þú fórst?*

Já með,

*Já með sólirnar.*

Já það stóð heima.

*Já já.*

Og þær eru mjög fallegar og þetta er ekki með orðum lýst hvað þetta er skrítið að upplifa svona, þannig sólargang, en verður svo eðlilegt eftir nokkra stund, það tekur ekki svo langan tíma.

*Já.*

En þið munuð vonandi leysa úr þessu.

*Já já en hann þarf að fá skell.*

Já pabbi þinn hann hefur gaman að þessum orðum, hann,

*Hann verður bara að fá skellinn, það er ekkert um annað að ræða.*

Ja það eru til margar leiðir að leysa þetta, ef þið getið talað saman þá er það mjög mikilvægt og kannski sættst á einhverja,

*Ég á voða vont með að sættast við hann, það er bara þannig, það er fokið í flest skjól, það er plús þetta og annað sem á undan hefur gengið, sem ég hef nú ekki sagt þér frá, móðir sæl, faðir minn veit eitthvað af því.*

Já já, ég skynjaði það og hann hefur sagt mér eitthvað frá því, en það er nú svona eins og er, að það kemur fyrir að fólk er ósátt, bræður, en ég vona að það hafi verið til bóta að ég kom í sambandið og verði til þess að leysa þetta.

*Já já það var til bóta.*

Og hann verður að vita það að við viljum ekki, að ég vil alla vega ekki taka þannig afstöðu að það sé til að særa hvorn ykkar,

*Nei nei.*

Nema það sé til að leysa þetta og já já, ég skil þetta alveg, þetta er erfitt mál.

*Það er aðferðafræðin hjá honum, þetta snýst raunverulega þegar á botninn er hvolft ekki um einhverja dauða hlluti, móðir sæl, heldur hvernig var farið að þessu og ég er náttúrulega svo viðkvæmur í sambandi við það, ef fólk virðir ekki lífið, ber ekki virðingu fyrir því, þá náttúrulega snýst ég öndverður gagnvart þeirri persónu sko, ég tók köttinn það átti að farga honum, ég tók hann að mér, hann Bláskjá.*

Það er fallega gert og mjög gott,

*ég tók blómin þín líka, ég sá um átta*

Ég þakka fyrir það.

Og svona.

*En það er soldið þú veist, snertir tilfinningar manns, af því ég sá nú alltaf um garðinn og sló hann í tugi ára sko, og svo kemur bara einhver og drepur þetta sko og kann ekki til verka.*

Já það er,

*Það líkar mér ekki við.*

Nei nei, en það var svona ákveðin vandamál þarna áður,

*Já já ég veit hvað þú ert að tala um.*

Já já en við skulum ræða um þetta betur seinna, já en pabbi þinn hann ætlar nú að segja sína hlið á þessu við tækifæri.

*Já þakka þér.*

Og þú veist nú hvernig þið náðuð saman og honum finnst það líka dýrmætt.

*Mér finnst vænt um það, hvernig ég skyldi einhvern veginn unnið mig út úr þessu og náð þessu sambandi við föður minn sko.*

Já já það er,

*Mér finnst ég hafa, þú veist, og mér finnst soldið leiðinlegt að bróðir minn gerði það ekki, það er annar handleggur.*

Já já það þarf að athuga það síðar við tækifæri.

*Já já.*

En já já, en ég vil nú samt biðja að heilsa ykkur öllum, ef þú kemur því til skila.

*Já já ég skila því og lít til bróðir míns og annað, ég er ekki já.*

Já já, þetta hefur allt sinn tíma og ég var nú að vonast til þess að það hefði verið haldinn fundur á Úlfsstöðum, en það verður nú tæplega núna, en ég vil líka senda honum frænda þínum kveðju Þorsteini og

*Ég skal skila því.*

Og við gleðjumst yfir því að ég komst hér í gegn í kvöld og við finnum að við höfum margt að segja og þetta er og berum hag félagsins fyrir brjósti og vonum að þetta komist allt á sem bestan hátt.

*Já.*

En þú finnur styrk til þess að leysa úr þessu, er það ekki?

*Jú jú, ég er búinn að finna hann.*

Og þá mun hitt koma af sjálfu sér og hann mun vonandi gera það líka og þá verður þetta í lagi.

*Já en það verður samt að, hann verður samt að finna fyrir því.*

*Og helst í pyngjunni.*

Já já við getum ekki ráðið því héðan af,

*Nei ég veit það en það er alveg skilyrt, það er matulegt á hann.*

Já já, ég ætla nú ekki að ræða um það núna en ég þakka kærlega fyrir að ég komst í gegn.

*Og takk fyrir komuna. Og það var gaman að heyra í þér.*

Já Þetta var ánægjulegt og ég óska ykkur alls hins besta og ég þakka fyrir.

Og hann biður einnig að heilsa hann afi þinn.

*Ég bið að heilsa honum kærlega.*

Já já verið þið sæl.

*Vertu sæl.*

